


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	ÍSLE3BB05 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Rannveig Karlsdóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	ALH, RAN og ÞHJ
----------------	---	---------------	-----------------

Börn og bækur

Áfangalýsing:

Í áfanganum er áhersla á mikilvægi lestrar og barnabókmennta, fyrir börn á öllum aldri. Nemendur kynnst ýmsum tegundum bóka og annars efnis fyrir börn og unglinga. Einnig verður farið yfir sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabóka, rætt um mál- og menningarheim og málproska barna. Skoðað er hvað einkennir góðar barnabækur og fjallað um gildi þess að börn lesi og að lesið sé fyrir þau. Nemendur greina og meta margskonar barna- og unglingabækur og fræðigreinar er varða alla þætti áfangans. Þeir gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega þar sem reynir á frumkvæði, sköpunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist einir eða með öðrum.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar fyrir mál- og málproska barna
- sögu íslenskra barnabókmennta
- mismunandi tegundum barnabókmennta og helstu höfundum
- hvað einkennir vandaðar og óvandaðar barnabækur
- tengslum íslenskra barnabókmennta við menningu hvers tíma
- hugmyndafræði og viðhorfum sem birtast í barnabókmenntum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- mismunandi stíl og orðaforða í barnabókum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og greina barnabókmenntir af ýmsu tagi
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn sem birtast í barnabókmenntum
- meta ólíkar tegundir texta og efnis sem ætlað er börnum
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE3BB05 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á mikilvægi vandaðra barna- og unglingabóka
- átta sig á gildi lestrar fyrir málþroska barna
- velja og meta á gagnrýninn hátt efni ætlað börnum
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu

Námsgögn:

ÍSLE3BB05. *Börn og bækur* - Greinasafn (Skrifstofa VMA)

Íslenskar barna- og unglingabækur eftir því sem við á í hverri lotu

Áætlun um yfirferð:

1. lota 19. ágúst – 2. sept. (2 vikur) Greinasafn

Kynning á áfanganum og umræður um uppáhaldsbækur. Lestur og kynningar á greinum um um lestur og sögu íslenskra barnabóka (Greinasafn bls. 1-35). Lotunni lýkur á prófi sem gildir 15% af lokaeinkunn.


2. lota 5. sept. - 30. sept. (4 vikur) Lestur, greining og ritun

Rætt verður um einkenni vandaðra bóka. Nemendur velja sér barna-eða unglingabók, lesa hana og skrifa um hana heimildaritgerð þar sem þeir leggja mat á efni og einkenni bókarinnar og kynna sér hvað aðrir hafa sagt um söguna (Greinasafn bls. 15-35). Vægi ritgerðar er 25% af lokaeinkunn.

3. lota 3. okt – 28. okt. (4 vikur) Myndverk og þjóðsögur

Kynning og greining á myndabókum fyrir yngstu börnin, efni og myndum. Munnlegt verkefni um myndabækur gildir 10% af lokaeinkunn (Greinasafn bls. 36-48).

Síðan kynnast nemendur einkennum og sögu þjóðsagna og ævintýra og lesa sýnishorn af þessum bókmenntum (Greinasafn 49-54). Skila n.k. dagbók um lesturinn sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	ÍSLE3BB05	Námsáætlun haustönn 2016

Loks horfa nemendur á íslenska kvikmynd fyrir unga áhorfendur og skila skriflegu verkefni um myndina sem gildir 10 % af lokaeinkunn.


4. lota 31. okt – 2. des. (5 vikur) Lestur og sköpun

Nemendur vinna í hópum. Hver hópur les og kynnir nokkrar bækur sem eiga einhver sameiginleg einkenni. Hópurinn skrifar greinargerð um bækurnar (20%) (sjá 29. bls. í Greinasafni) og semur síðan verkefni í anda bókanna sem lesnar voru (10%). Einnig á hver hópur að kynna sér verk hinna hópanna og meta þau.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:		
<input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
1. lota Greinasafn	Próf úr Greinasafni Einstaklingsvinna	15%
2. lota Lestur og ritun	Heimildaritgerð Einstaklingsvinna	25%
3. lota Myndverk og þjóðsögur	Verkefni um myndabækur Paravinna	10%
	Verkefni um þjóðsögur og ævintýri	10%
	Verkefni um kvikmynd	10%
4. lota Lestur og sköpun	Greinargerð um bækur	20%
	Frumsemið efni Hópavinna er í þessari lotu	10%
Samtals:		100%

Nemendur athugi að loturnar eru kenndar í mismunandi röð eftir hópum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE3BB05 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

Reglur um verkefnaskil

Þar sem þetta er símatsáfangi eru nemendur minntir á að mæta vel og stundvíslega í allar kennslustundir.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs.

Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tíma en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða af öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Ef vanskil verða á verkefnum lækka einkunnir sem hér segir:

1 virkur dagur 0,5

2 virkir dagar 1

3 virkir dagar 1,5

4 virkir dagar 2

Frá og með fimmta degi verður ekki tekið við verkefnum nema til komi framangreindar undanþágur. Þessar reglur gilda einnig um munnleg skil.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum, nema með leyfi kennara. Nemandi sem virðir ekki þessa reglu má búast við því að verða vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Dagsetning: 18.8.2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils